



Gildir frá 1. apríl 2025

Orlof: 10,17% á öll laun. Hjá vélstjórum sem starfað hafa hjá sömu útgerð í 15 ár er orlofið 11,59%. Vélstjóri sem hefur öðlast aukinn orlofsrétt hjá sömu útgerð eða á sama skipi, öðlast hann að nýju eftir 3 ár hjá nýjum atvinnurekanda, enda hafi rétturinn verið staðreyndur.

Desemberuppbót. kr.110.000. M.v. 160 lögskráningardaga frá 1 des. til 30 nóv. Tímavinna utan lögskráningardaga, veikindadagar og fjarvistir vegna slysa teljast með við útreikning á desemberuppbót.

Lífeyrissjóður: lögjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera skv. eftirfarandi þar sem skipverjum býðst að velja á milli tveggja kosta og skal það val ráða skiptakjörum skv. kafla einstakra veiðigreina:

Leið A – Lífeyrisauki:

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 15,5% af öllum launum. Skal útgerð greiða 11,5% en sjómenn 4%.

Leidõ B – Kaupauki:

Iðgjaldsgreiðslur til lífeyrissjóðs skulu vera 12% af öllum launum. Skal útgerð greiða 8 % en sjómenn 4%.

Álag á hlut vélstjóra og mótframlag vinnuveitanda í sérseignarsjóð :

Útgerðarmaður skal greiða 2.25% álag á hlut allra vélstióra, annarra en þeirra sem velja séreignarsparnað af heildarlaunum.

Velji vélstjóri að mótframlag vinnuveitanda í séreignasjóð verði 2% af öllum launum, skal álag á hlut hans vera 1,52%.

Velji vélstjóri að greiða ekki í séreignarsjóð eða að mótframlag vinnuveitanda í séreignasjóð verði 2% af kauptryggingu skal álag á hlut hans vera 2,25%.

Bifreiða og símakostnaður: Í samningi við SFS eru skýr ákvæði um að útgerðarmönnum beri að greiða sannanlegan bifreiða og símakostnað.

Kostnaðarhlutdeild sjómanna vegna slysatryggingar: kr. 10.000 á mánuði og hlutfallslega fyrir brot úr mánuði.